



# Framkvæmda- fréttir 32. tbl. /02



## Auglýsingar útboða

### Vetrarþjónusta í Norðurárdal og á Bröttubrekku 2002-2004 02-090

Vegagerðin, Vesturlandsumdæmi, óskar eftir tilboðum í vetrarþjónustu í Norðurárdal og á Bröttubrekku 2002-2004. Um er að ræða snjómokstur og hálkuvörn á eftirtöldum leiðum:

- Hringvegur (1) frá Borgarnesi að Sanddalsá, 48 km
- Hvítárvallavegur (510) frá Hringvegi að Hvítá, 6 km
- Vestfjarðavegur (60) frá Hringvegi að Breiðabólstað, 17 km
- Norðurárdalsvegur (528) frá Hringvegi á Hringveg, 16 km

Auk þess er um að ræða hálkuvörn á eftirfarandi leið:

- Hringvegur (1) frá Sanddalsá að Brú í Hrutafirði, 37 km

Magntölur eru áætlaðar: snjómokstur og hálkuvörn 10.000 km, hálkuvörn 6.000 km

Verki skal að fullu lokið 30. apríl 2004.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni í Borgarnesi og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 16. september 2002. Verð útboðsgagna er 1.500 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl 14:00 mánudaginn 30. september 2002 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

## Gljúfurá í Húnavatnssýslu

Brúin var breikkuð 2001 með því að byggja nýjan brúarhluta við upphaflegu einbreiðu brúna frá 1977. Auk nýrra millistöpla til hliðar við þá gömlu, var steipt utan um alla upphaflegu stöplana og yfir gömlu plötuna og ný brík þar einnig. Því má segja að gömlu brúnni hafi að mestu verið „pakkað inn“. Brúin er í mjög tilkomumiklu umhverfi, en áin fellur neðan brúar í þröngu gljúfri og ber nafn af því.

*Baldur Þór Þorvaldsson*

### Styrkingar og mölburður á Austurlandi 2002 - 2003 02-027

Vegagerðin, Austurlandsumdæmi, óskar eftir tilboðum í styrkingar og mölburð á Austurlandi á árunum 2002 og 2003. Um er að ræða styrkingu á alls 11 stöðum á Austurlandi.

Helstu magntölur: fylling 3.600 m<sup>3</sup>, neðra burðarlag 24.200 m<sup>3</sup>, mölburður 34.300 m<sup>3</sup>, lengd 96 km, rofvörn 1.800 m<sup>3</sup>, frágangur fláa 9.000 m<sup>2</sup>, hörpun 26.200 m<sup>3</sup>, ræsi 210 m.

Verki skal að fullu lokið 1. október 2003.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Reyðarfirði og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með þriðjudeginum 17. september 2002. Verð útboðsgagna er 1.500 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 mánudaginn 30. september 2002 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

## Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 32. tbl. 10. árg. nr. 315 16. sept. 2002

Ritstjórn og umsjón útgáfu:

**Víktor Arnar Ingólfsson**

Ábyrgðarmaður:

**Gunnar Gunnarsson**

Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:

**Vegagerðin Framkvæmdafréttir Borgartúni 7**

**105 Reykjavík**  
(bréfsími 522 1109)  
eða [vai@vegag.is](mailto:vai@vegag.is)

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar. Þá er skammstöfun fyrir umdæmi Vegagerðarinnar: Sl:Suðurland, Rn:Reykjanes, V:Vesturland, Vf:Vestfirðir, N.v:Norðurland vestra, N.ey:Norðurland eystra, Au:Austurland.

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
02-044 N.v. Siglufjarðarvegur (76), Gránugata - Tjarnargata á Siglufirði	03
02-074 Vf. Vestfjarðavegur (60), ræsi í Ausuá í Dýrafirði	03
02-019 V. Snæfellsnesvegur (54), um Kolgrafafjörð	02
02-084 V. Hringvegur (1), hringtorg við Snæfellsnesveg	02
02-014 Sl. Hringvegur (1), vega- og brúargerð við Skaftá	02
02-015 Sl. Hringvegur (1), við Hellu	02
01-018 Rn. Nesbraut (49), færsla Hringbrautar, hönnun	02
00-054 Rn. Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur – Víkurvegur	02
02-078 Rn. Reykjanesbraut (41), breikkun Hvassahraun - Strandarheiði	02
02-026 Au. Norðausturvegur (85) Hölná – Miðheiðarhryggur	09.02
02-009 N.v. Hringvegur (1), um Hnausakvísl forsteyptar einingar 2002-2003	09.02
02-055 Au. Hringvegur (1), Biskupsháls - Vegaskarð	09.02

Útboð sem hafa verið auglýst	Auglýst:	Opnað:
02-090 V. Vetrarþjónusta í Norðurárdal og á Bröttubrekku 2002-2005 <b>Nýtt á lista</b>	16.09.02	30.09.02
02-027 Au. Styrking og mölburður á Austurlandi 2002-2003	16.09.02	30.09.02
02-087 Sl. Snjómokstur og hálkuvörn, í austurhluta Rangárvallasýslu og vesturhluta Vestur-Skaftafellssýslu	09.09.02	23.09.02
02-089 Sl. Snjómokstur og hálkuvörn, í austurhluta Vestur-Skaftafellssýslu	09.09.02	23.09.02
02-086 N.v. Þverárfjallsvegur (744), Skúfur - Þverá 2002	09.09.02	23.09.02
02-056 Sl. Hringvegur (1), brú á Þjórsá	02.09.02	30.09.02

Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
02-085 Sl. Þórsmurkurvegur (F249) 2002	26.08.02	09.09.02
02-060 Sl. Snjómokstur og hálkuvörn, uppsveitir Árnessýslu, austurhluti	12.08.02	26.08.02
02-073 Au. Suðurfjarðavegur (96) á Fáskrúðsfirði	22.07.02	06.08.02
01-122 Veggöng 2002 - Forval	21.05.02	24.06.02
02-047 Áætlunarflug, Höfn í Hornafirði, 2002-2003	27.05.02	01.07.02

Samningum lokið	Opnað:	Samíð:
02-072 Rn. Hafnarfjarðarvegur (40), aðrein Digranesvegur <i>Amarverk ehf., Kópavogi</i>	06.08.02	09.09.02
02-061 Sl. Snjómokstur og hálkuvörn, uppsveitir Árnessýslu, vesturhluti <i>JH-vinnuvélar ehf., Efri-Brekku Biskupstungum</i>	26.08.02	04.09.02
01-009 Au. Upphéraðsvegur (931), Ekkjufell – Setberg <i>Vélaleiga Sigga Þór ehf., Egilsstöðum</i>	26.08.02	05.09.02

## Niðurstöður útboða

### Þórsmurkurvegur (F249) 02-085

Tilboð opnuð 9. september 2002. Suðurlandsumdæmi. Gerð Þórsmurkurvegur (F249) frá varnargarði og út fyrir Nauthúsagil, um 2,5 km.

Helstu magntölur eru: neðra burðarlag, óunnið efni 22.100 m<sup>3</sup>, ræsi 48 m, malarslitlag 1.600 m<sup>3</sup>. Verki skal að fullu lokið 15. nóvember 2002.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
18	Háfell ehf., Reykjavík	16.274.000	171,3	10.404
17	Bæjarós ehf., Djúpvogi	9.691.620	102,0	3.821
---	Áætlaður			
	verktakakostnaður	9.499.800	100,0	3.630
16	Afrek ehf., Reykjavík	8.901.000	93,7	3.031
15	Klæðning ehf., Reykjavík	8.368.000	88,1	2.498
14	Guðmundur Magnússon, Efra-Hvoli	7.965.950	83,9	2.096
13	Vörubílstjórafélagið Mjöllnir, Selfossi	7.777.777	81,9	1.907
12	Sigurjón Hjartarson, Brjánsstöðum	7.620.000	80,2	1.750
11	Framrás ehf., Vík	7.538.000	79,3	1.668
10	Berglín ehf., Stykkishólmi	7.003.100	73,7	1.133
9	Tönnin ehf., Reykjavík	6.999.420	73,7	1.129
8	Ræktunarsamband Flóa og Skeiða	6.884.350	72,5	1.014
7	Strókur ehf., Kópavogi	6.850.600	72,1	980
6	Fosseyri ehf., Selfossi	6.458.370	68,0	588
5	Nesey ehf., Árnessýslu	6.328.220	66,6	458
4	Sigurður Ágústsson, Birtingaholti	6.152.300	64,8	282
3	Nóntindur ehf., Búðardal	5.930.500	62,4	60
2	Guðjón Jónsson, Hvolsvelli	5.898.500	62,1	28
1	Suðurverk hf., Hafnarfirði	5.870.300	61,8	0



Brúargerð við Hreiðarsstaði í Svarfaðardal 10. ágúst 2002. Ljósmynd Mats Wibe Lund